

Lagt fyrir 396. fund velferðarráðs 17. mars 2021
VEL2021010035
RÁ/rkr

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn um fjölda umsækjenda um sérstakan húsnæðisstuðning


Þann 20. janúar 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda umsækjenda um sérstakan húsnæðisstuðning:

Á vefsíðu lykiltalna velferðarsviðs má sjá að í október var fjöldi þeirra sem þáðu sérstakan húsnæðisstuðning 3.384 en í desember 2020 var hann 2.441. Hér munar um nærri 1000 manns. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um af hverju þessi gríðarlega fækkun hefur orðið á þeim sem fá sérstakan húsnæðisstuðning? Hversu margir af þeim sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi í Reykjavík hafa sótt um hann? Ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir, er hægt að áætla hversu margir það eru sem kunna að eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi en hafa ekki sótt um?

Svar:

Alls fengu 3385 manns greiddan sérstakan húsnæðisstuðning í október 2020. Sá mánuður sker sig úr öðrum á árinu vegna þess að þá voru greiddar út leiðréttingar aftur í tímann vegna endanlegra tekjuupplýsinga frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og fór þá fram lokauppgjör vegna leiðréttingar á sérstökum húsnæðisstuðningi árána 2018 og 2019. Fjölgun notenda vegna uppgjorsins í október var tæplega 400 en það eru einstaklingar sem leigðu á almennum markaði og áttu rétt á og fengu endurgreiðslu fyrir tímabilið 2018-2019 en voru hættir að fá greiddan sérstakan húsnæðisstuðning í september 2020.

Fjöldinn í nóvember 2020 var 3011 manns sem er í takti við fyrri mánuði ársins. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan hefur orðið aukning á fjölda þeirra sem fengu greiddan sérstakan húsnæðisstuðning alla mánuði ársins 2020 miðað við fyrra ár.



Talan 2441 sem nefnd er í fyrirspurninni sem tala fyrir desember 2020 er fjöldi notenda í desember 2019. Tala fyrir desember 2020 liggur nú fyrir og var fjöldinn 3065 manns.

Réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings ræðst ekki eingöngu af hlutlægum þáttum. Skilyrði fyrir samþykki umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning snýr m.a. að mati á félagslegum aðstæðum umsækjenda. Ekki er því unnt að meta hversu margir af þeim sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi hafi sótt um slíkan stuðning, eða áætla hversu margir það eru sem kunna að eiga þann rétt en hafi ekki sótt um. Líklegt er að flestir þeir sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður hafi leitað aðstoðar félagsþjónustu og séu á lista þeirra sem fá greiddan sérstakan húsnæðisstuðning.